




ANDLIT · TIL · SÝNIS

Íslendingar og aðrir á Kanarísafninu

Sýning í Þjóðarbókhöðu | maí–september 2024



Bókin

Andlit til sýnis: Íslendingar og aðrir á Kanarísafninu eftir Kristínu Loftsdóttur var gefin út af Sögufélagi 2023. Bókin var tilnefnd til Fjöruverðlaunanna, viðurkenningar Hagþenkis og FÍT verðlaunanna. Hún fékk Bóksalaverðlaunin í flokki fræðibóka, handbóka og ævisagna.

Í *Andlit til sýnis* er lítið safn í brennidepli en þar má finna afsteypur af fólki frá ólíkum stöðum heimsins sem gerðar voru á 19. öld. Um er að ræða niðurstöður úr rannsókn Kristínar sem nær til Kanaríeyja, meginlands Spánar og Frakklands og snýr að þverþjóðlegum tengslum sem urðu til í gegnum kynþáttahugmyndir. Brjóstmyndirnar endurspeglar þannig kynþáttahyggju og rányrkju nýlenduvelða fyrri tíma og áhuga Evrópubúa á að stilla upp líkómum til fróðleiks og skemmtunar.



Meira um
bókina hér

Höfundar sýningartexta:
Anna Lís Rúnarsdóttir og
Kristín Loftsdóttir

Umsjón:
Ólafur Jóhann Engilbertsson

Grafísk hönnun:
Arnar&Arnar

Útgefandi:
Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafn

Prentun: Leturprent

© Kristín Loftsdóttir og Landsbókasafn Íslands —
Háskólabókasafn 2024


ISBN 978-9935-434-27-2

Ávarp

Sýningin *Andlit til sýnis: Íslendingar og aðrir á Kanarísafninu* er nú haldin í Þjóðarbókhöðunni. Markmiðið er að efna til samtals við almenning um viðfangsefni bókarinnar. Hér er varpað fram hugleiðingum um hvernig kynþáttahyggja og nýlendustefna hafa stýrt þekkingarleit um langt skeið. Leitast er við að vekja safngesti til umhugsunar um hvert verkefni nýlenduvelða Evrópu hafa teygt anga sína og hvernig þau hafa tengst fólki frá ólíkum heimshlutum. Forvitnilegt brjóstmyndasafn á Kanaríeyjum gefur tækifæri til að rekja margvíslega þræði þessarar sögu. Er það von mín að þessi kynning á vettvangi safnsins nýtist sem innlegg í samtímaumræðu um kynþáttahyggju, fordóma og kveiki spurningar um þá vegferð við erum á í samtengdum heimi.

Anna Lís Rúnarsdóttir

Darger safnið.
Ljósmynd. Kristín
Loftsdóttir.



Sýningunni fylgt úr hlaði

Á sýningunni *Andlit til sýnis: Íslendingar og aðrir á Kanarísafninu* í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er fjallað um hluta af viðfangsefni samnefndrar bókar eftir Kristínu Loftsdóttur sem Sögufélag gaf út árið 2023.

Brjóstmyndir nokkurra Íslendinga eru í brjóstmyndasafni á Kanaríeyjum. Þar má finna afsteypur af fólki sem var frá Nýja-Sjálandi, Nígíeríu, Norður-Ameríku, Eldlandi í Suður-Ameríku og Grænlandi svo einhver dæmi séu tekin. Fólki sem hittist aldrei í lifanda lífi hefur verið stillt upp hlið við hlið og safngestir hafa getað virt andlit þeirra fyrir sér. Svipir þeirra minna á að saga þverþjóðlegra tengsla er líka saga einstaklinga, fólks sem tók þátt í að raungera

þessi tengsl. Í dag er hluti brjóstmyndana í geymslu. Margar má þó virða fyrir sér í sýningasal safnsins þar sem þeim er stillt upp á svipaðan hátt og gert var í lok 19. aldar.

Ástæður þess að brjóstmyndasafnið varð til eru raktar í bók Kristínar og í þessari sýningu eru nokkrir þættir úr bókinni dregnir fram þar sem leitast er við að gefa tilfinningu fyrir því samfélagslega samhengi á 19. öld sem varð hvatinn – bæði að gerð afsteypanna og söfnun þeirra á Kanaríeyjum. Á þessum tíma höfðu söfn verið sett á laggirnar. Þau voru stundum byggð á grunni svokallaðra furðustofa (e. *cabinets of curiosities*) og vildu forsvarsmenn þeirra staðsetja sig innan vísindaheimsins, tengjast rannsóknum og skapa undirstöður

Reykjavík
árið 1856.
Ljós. Louis
Rousseau, 1856.
Hendes Majestæt
Dronningens
Håndbibliotek,
Kongernes Samling.



fyrir þekkingarsköpun. Höfuðlagsfræði og kynþáttavísindi voru meðal þeirra verkefna sem söfn tóku þátt í, en seint á 19. öldinni þegar flest af stóru söfnum Evrópu og Norður-Ameríku voru stofnuð voru kynþáttavísindi allsráðandi.

Heimsmyndin sem við búum við í dag er að hluta til afurð slíkra hugmynda. Sú heimsvaldastefna sem þá var ríkjandi meðal Evrópubjóða með einum eða öðrum hætti teygði anga sína víða. Barátta um völd og yfirráð yfir landsvæðum og auðlindum fór fram á forsendum Evrópubúa, þar sem ofbeldi gagnvart frumbyggjum var margþætt. Teiknuð var upp ákveðin heimssýn, þar sem fólk – sem var flokkað sem hluti af mismunandi kynþáttum – var staðsett innan stigveldis þar sem Evrópubúar tróndu á toppnum.


Íslenska vinnukonan Ragnheiður Ólafsdóttir og grænlenka konan Asnath Eleonora Elisabeth voru meðal þeirra sem afsteypur voru gerðar af í leiðangri prins Jérôme Napóleons til norðurslóða.

Brjóstmyndir beggja má finna á Kanarísafninu sem og Maungwudaus, frumbyggja Norður-Ameríku sem ferðaðist um Evrópu þar sem eftirspurn var á sýningum á „indjánum“. Áhuginn á þessum sýningum átt ekki mikinn samhljóm með þeirri baráttu sem frumbyggjar Norður-Ameríku háðu á sama tíma til að halda landi sínu og því gífurlega ofbeldi sem fylgdi landnemanýlendustefnu þar og annarsstaðar.

Í Evrópu og Norður-Ameríku voru slíkar sýningar á fólki sem var flokkað sem framandi á einhvern hátt algengar á 19. öld og þá oft haldnar í dýragörðum og skemmtigörðum eins og Tívolí í Kaupmannahöfn. Osifekunde var einn af mörgum milljónum sem Evrópubúar seldu í þrældóm. Hann var frá því svæði þar sem nú er Nígíría og var fluttur nauðugur til Brasilíu. Afsteypa hans var gerð í París. Á svipuðum tíma sagði hann frá lífi sínu áður en hann var hnepptur í þrældóm, sem er í dag dýrmæt heimild um samfélagið sem hann var hrifinn á brott frá.

Ólík hlutskipti þessara einstaklinga eru bara örfá dæmi um fólkið í brjóstmyndasafninu sem átti að endurspegla dæmi um ólíka kynþætti. Kynþáttavísindi 19. aldar voru mikilvæg til að útskýra ólíka stöðu mismunandi hópa í heiminum og renna stoðum undir forræði Evrópubúa og þeirra sem voru skilgreindir sem hvítir. Sýningin – rétt eins og bókin – kallar fram lífshlaup þeirra og ferðalög brjóstmyndanna í þverþjóðlegum heimi, til að endurspegla þau víðtæku áhrif sem heimsvaldastefnan hafði á líf fólks víða um heim og þær tengingar sem hún skapaði milli ólíkra hluta heimsins.

Í dag hafa kynþáttafordómar síður en svo horfið þrátt fyrir að að vera oft orðaðir með öðrum hætti en gert var á 19. öldinni. Þar má sérstaklega sjá áherslu á ólíka menningu sem er notuð sem réttlætning fyrir að að skerða almenn réttindi eða að smætta einstaklinga. Einnig er oft litið fram hjá að sú misskipting sem varð til áður fyrr hefur ennþá áhrif í dag. Bókin *Andlit til sýnis* og þessi sýning dregur fram að heimurinn sem lifum í er samtengdur og að hann hefur verið samtengdur í langan tíma.



Talið að þetta sé hauskúpa heim-spekingsins René Descartes og að nöfn fyrri eigenda séu skráð á enni hennar. Hún er til sýnis á Musée de l'Homme. Ljósm. Kristín Loftsdóttir.



Arnardansinn eftir
Karl Girardet.
Se-Nou-Ty-Jah
stendur í öndvegi og
blæs í sérstaka flautu.
Við gluggann má sjá
Catlin útskýra dansinn
fyrir drottningunni.
Karl Girardet.
© Château de Versailles,
Dist. RMN-Grand Palais
/ Christophe Fouin.



Kristín Loftsdóttir.
Ljós. Heiða
Helgadóttir, 2023.

Kristín Loftsdóttir er prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknir Kristínar hafa snúið að fordómum, mótun þjóðernis, tengslum suðurs og norðurs, nýlenduhyggju, og málefnum sem tengjast fólksflutningum. Kristín hefur unnið að þessum viðfangsefnum í ólíkum rannsóknarverkefnum, sem unnin hafa verið í Níger í Vestur-Afríku, Belgíu, Ítalíu, Íslandi og nú nýlega á Kanaríeyjum. Rannsóknarverkefni Kristínar hafa meðal annars snúið að mótun þjóðarsjálfsmyndar á Íslandi á útrásartímabilinu og eftir hrun, sem og rasisma á Íslandi og hugmyndum

hælisleitenda frá Níger um Evrópu. Kristín hefur gefið út fjölda verka á íslensku og ensku, til dæmis bókina *Kynþáttahyggja – Í stuttu máli* (2021). Hún hlaut Fjöruverðlaunin fyrir fræðiritið *Konan sem fékk spjót í höfuðið* (2011), Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir *Fugl í búi* (1988) og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir skáldsöguna *Fótatak tímans* (1990). Þá hefur Kristín einnig haldið fjölda sýninga tengdum rannsóknum sínum og fékk viðurkenningu fyrir fræðistörf sín frá Háskóla Íslands árið 2014.

Evrópa, hreyfanleiki og fordómar (e. Creating Europe through Racialized Mobilities – CERM)

Rannsóknarverkefnið fjallar um mismunandi hliðar (ó)hreyfanleika í Evrópu, sérstaklega með hliðsjón af kynþáttahyggju og tengslum fortíðar og nútíðar í arfleifð heimsvaldastefnunnar. Evrópa er umdeild sem ákveðið rými og hefur lengi falið í sér stigveldi hvað varðar hverjir tilheyra Evrópu og hverjir eru á jaðrinum. Þá er ekki öllum heimilt aðgengi að Evrópu.

CERM verkefnið leggur áherslu á að skoða hvernig (ó)hreyfanleiki mótast af ólíkum flokkunum og afmörkunum svo sem stéttarstöðu, kynþáttahyggju út frá þverfræðilegu sjónarhorni, m.a. mannfræði og kenningum eftirlendufræða. CERM leggur áherslu á tvö samtengd þemu: Kynþáttun hreyfanleika innan og til/frá Evrópu, og að skoða Evrópu frá jaðrinum. Þessi rannsókn, nr. 207062-051, er unnin með styrk frá Rannsóknasjóði Íslands. Útgáfa bókarinnar og sýningin fékk styrk frá Háskóla Íslands í tengslum við stuðning við samfélagsvirkni.



Mannfræðisafnið í Madrid. Ljós. Kristín Loftsdóttir.